

Fundargerð

Árið 2024, föstudaginn 27. september kl. 12:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar á skrifstofu Grindavíkurbæjar.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elvari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir 3. lið; Fannar Jónasson bæjarstjóri Grindavíkur, Hjálmar Hallgrímsson formaður bæjarráðs og Karl Björnsson ráðgjafi.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 23. ágúst 2024

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 23. ágúst 2024.

Fundargerð frá 23. ágúst 2024 var samþykkt með breytingum.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2024/2025

2024

Lagt var fram til kynningar drög að uppfærðri greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2024. Áætlunin byggir á forsendum um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2024, endanlegum útsvarsstofni sveitarfélaga á árinu 2023 vegna tekna úr ríkissjóði og áætluðum útsvarsstofni sveitarfélaga árið 2024 vegna framlaga sem tengjast yfirfærslu grunnskóla og fatlaðs fólks.

2025

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2025. Gert er ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 1.263,5 ma.kr. á árinu 2025 og áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2024 verði 2.549 ma.kr. vegna tekna úr ríkissjóði. Álagningarstofn útsvars vegna tekna 2025 er áætlaður 2.677,9 ma.kr. vegna framlaga sem tengjast yfirfærslu grunnskóla og fatlaðs fólks.

3. Grindavíkurbær

Vegna beiðni um framlag vegna fjárhagserfiðleika

Tekin var, fyrir að nýju, til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn um stuðning úr Jöfnunarsjóði frá Grindavíkurbæ, dags. 20. ágúst 2024 ásamt viðauka. Í umsókninni er vísað í 8. gr. samkomulags milli innviðaráðherra og Grindavíkurbæjar um stuðning við stjórnslu og fjárhag sveitarfélagsins á grundvelli VIII. kafla sveitarstjórnarlaga, sem undirritað var 24. febrúar sl. Í framangreindri 8. gr. samkomulagsins er kveðið á um að Jöfnunarsjóður muni veita sveitarfélaginu styrk að fengnum umsögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs á grundvelli heimildar í 1. tölul. 1. mgr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sbr. b. lið 11. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, til að styðja við sveitarfélagið.

Í umsókninni er sett fram ósk um 600 m.kr. framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fannar Jónasson bæjarstjóri Grindavíkurbæjar, Hjálmar Hallgrímsson formaður bæjarráðs Grindavíkurbæjar og Karl Björnsson ráðgjafi sveitarfélagsins mættu á fundinn og gerðu grein fyrir endurskoðaðri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins vegna ársins 2024 og horfum í rekstri árið 2025. Þrátt fyrir miklar aðhaldsaðgerðir í rekstri sveitarfélagsins er fyrirséð að þörf verði á stuðningi Jöfnunarsjóðs þar sem töluverð óvissa er um útgjöld og tekjur sveitarfélagsins í núverandi stöðu.

Fyrir fundinum lágu umsagnir Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga sem og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem óskað var eftir á fundi ráðgjafarnefndar 23. ágúst sl.

Nefndin tók umsókn Grindavíkurbæjar til ítarlegrar umræðu á fundinum. Fram kom að ekki fáiast séð að það skorti neitt lagalega upp á formhlið málsins þ.e. að veita Grindavíkurbæ framlag vegna fjárhagserfiðleika. Þannig er málsmeðferðin í samræmi við ákvæði 83. gr. og 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, þ.e. það liggur fyrir rökstudd tillaga eftirlitsnefndar og þá hefur verið haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og nú er málið til umsagnar hjá ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs. Hins vegar væri það álitafni hvort að sjóðurinn eigi að koma að málum í tilvikum sem þessum þegar um náttúruhamfarir er að ræða. Á það var hins vegar bent að sjóðurinn hafi komið að því áður að styrkja sveitarfélög sem ættu við rekstrarerfiðleika að etja og óumdeilt er að Grindavíkurbær mun á árinu 2025 lenda í fjárhagserfiðleikum að óbreyttu.

Nefndin áréttaði mikilvægi þess að framlagið yrði nýtt til að Grindavíkurbær hefði tök á að ná rekstri sveitarfélagsins í jafnvægi til lengri tíma litið með lágmarks starfsemi og innviðaráðuneytið gerði samkomulag við sveitarfélagið með aðkomu Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Jafnframt er lögð áhersla á að framlag úr sjóðnum vegna fjárhagserfiðleika myndi berast sveitarfélaginu eftir þörfum og að ráðgjafarnefndin yrði haldið upplýstri um framgang málsins.

Að lokinni umfjöllun samþykkti ráðgjafarnefndin með vísan til umsagnar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, að leggja til við innviðaráðherra að gert verði nýtt samkomulag milli innviðaráðherra og Grindavíkurbæjar á grundvelli 1. tölulið 1. mgr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í samkomulaginu verði gert ráð fyrir að úthluta allt að 600 m.kr. framlagi úr Jöfnunarsjóði á árinu 2025 sem nýtt verði til að aðlaga rekstur sveitarfélagsins að breyttum aðstæðum og að greiðslum framlaga verði áfangaskipt í takt við fjárþörf sveitarfélagsins eins og segir í umsögn eftirlitsnefndarinnar. Ráðgjafarnefndin leggur áherslu á að Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hafi eftirlit með framkvæmd Grindavíkurbæjar á samkomulaginu, sbr. lokamálslið 3. mgr. sveitarstjórnarlaga, og upplýsi ráðgjafarnefndina með reglubundnum hætti um framgang samkomulagsins.

4. Tekjujöfnunarframlag 2024

Erindi frá Reykjanesbæ

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Reykjanesbæ, dags. 19. september 2024, þar sem óskað er eftir endurskoðun á útreikningi á tekjujöfnunarframlagi.

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir forsendur á útreikningi tekjujöfnunarframlags. Við útreikning framlaganna er m.a. lagt til grundvallar fjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar ár hvert sbr. upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Hagstofa Íslands hefur breytt aðferðafræði við útreikninga á mannfjölda og byggir nú á breiðari grunni en áður og metur af meiri nákvæmni skráðum heimilisfestum einstaklingum á Íslandi. Greina má áhrif þessara breytinga hjá öllum sveitarfélögum við útreikning á tekjujöfnunarframlagi 2024. Líklegt er að um sé að ræða tímabundin áhrif fyrst um sinn þar sem verið var að leiðrétta skekkjur í manntali til lengri tíma en tekið skal fram að breytingin geti aukið langtíma nákvæmni.

Ráðgjafarnefndin fól starfsmanni Jöfnunarsjóðs að svara erindi Reykjanesbæjar.

5. Framlag vegna jöfnunar fasteignaskattstekna 2025

Áætluð framlög 2025

Lögð var fram til kynningar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dagsett 24. september 2024, ásamt tillögu að úthlutun framlagsins. Áætlun um úthlutun framlaganna er byggð á áætluðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu 2025 að fjárhæð 7.743 m.kr., sbr. áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 2025.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að gera tillögu til ráðherra um að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 7.743 m.kr. á árinu 2025 til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts.

6. Útgjaldajöfnunarframlög 2025

Áætlun framlaga

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga 2025, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, samtals að fjárhæð 17.000.000.000 kr. Samkvæmt áætluninni er lagt til að til úthlutunar núna komi 16.200.000.000 kr. samkvæmt A-hluta. Samkvæmt áætlun B-hluta reglugerðarinnar er lagt til að til úthlutunar núna komi 575.000.000 kr. en 175.000.000 kr. í lok ársins 2025 á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum sbr. b-lið 3. gr. vinnureglna frá 11. desember 2012 vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2025 umfram tekjur. Jafnframt er áætlað að 50 m.kr. verði úthlutað á árinu 2025 vegna aksturþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli.

Helstu forsendur við áætlun framlaganna vegna A-hluta eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2024.
- Áætlun um fjölda barna með erlend ríkisfang eða annað foreldri með erlent ríkisfang í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2024.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2023.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1. jan. 2022, 1. jan. 2023, 1. jan. 2024 og 1. júlí 2024 vegna íbúafækkunar- og fjölgunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur frá því í september 2024 við útreikning áætlaðra tekjujöfnunarframlaga árið 2024 vegna tekjuskerðingar.
- Flokkun sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra er talin vera sem hér segir:

- a. Sveitarfélög með fleiri en 70.000 íbúa
- b. Sveitarfélög með 12.000 - 69.999 íbúa
- c. Sveitarfélög með 300 - 11.999 íbúa
- d. Sveitarfélög með færri en 300 íbúa

Forsenda við áætlaða úthlutun framlaga vegna B-hluta er eftirfarandi:

- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í september 2024.

Nefndin samþykkti að leggja til við ráðherra áætluð útgjaldaframlög fyrir árið 2025 að fjárhæð 17.000 m.kr.

GRUNNSKÓLAFRAMLÖG

7. Greiðslu- og rekstraráætlun 2025

Yfirfærsla grunnskóla

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2025 vegna yfirfærslu grunnskólans. Fram kemur í áætluninni að áætlað ráðstöfunarfjármagn verkefnisins á árinu 2025 nemur 20.620 m.kr. Áætluð gjöld verkefnisins á árinu nema sömu fjárhæð en óráðstöfuð fjárhæð nemur 155,9 m.kr.

8. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna 2024

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda árið 2024. 1.013 nemendur standa að baki áætluninni sem tillaga var gerð að, að yrði grundvöllur endanlegra framlaga ársins 2024. Áætlunin gerir ráð fyrir því að greitt verði 3.248 m.kr. til sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna á árinu en af því renna 1.956 m.kr. til Reykjavíkurborgar vegna sammings um rekstur Klettaskóla. Önnur sveitarfélög fá framlög á grundvelli SIS-C mats nemenda sem lögheimili hafa í sveitarfélaginu.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna á árinu 2024, samtals að fjárhæð 3.248 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir að áætlunin verði tekin upp aftur.

Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna 2025

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda árið 2025. Áætlaðar heildargreiðslur vegna sérþarfa fatlaðra nemenda nema um 3,5 ma.kr. en af þeirri fjárhæð er áætlað að renni 2 ma.kr. til Reykjavíkurborgar vegna samnings um rekstur Klettaskóla. Framlöggin byggja á SIS-C mati nemenda á grunnskólaaldri í sveitarfélögum landsins að Reykjavíkurborg undanskilinni. Að baki áætluninni eru 878 nemendur en gert er ráð fyrir nokkurri nýliðun fram að haustinu 2025 þegar endanleg framlög verða afgreidd.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna á árinu 2025, samtals að fjárhæð 3,5 ma.kr. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði tekin upp vorið 2025.

9. Framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál 2025

Áætlun framlaga

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál 2025. Alls hafa verið sendar inn umsóknir frá sveitarfélögum vegna 4.301 nemenda. Búast má við nokkurri aukningu í fjölda umsókna þegar áætlunin verður tekin upp á ný og því gæti þessi fjöldi fyrir árið breyst.

Lagt er til að einingaverð verði hækkað úr 206.419 kr. í 218.804 kr. á hvern nemanda í takt við líklega verðlagsþróun og að heildarfjárhæð framlagsins nemi ríflega 940 m.kr.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um hækkun einingaverðs í 218.804 kr. og áætlaða úthlutun framlaga vegna íslensku sem annað tungumál á árinu 2025, að fjárhæð 940 m.kr.

10. Almenn grunnskólaframlög 2025

Áætlun framlaga

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2025, skv. 3. gr. reglugerðar 351/2002. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema 15.400 m.kr. á árinu 2025. Við bætast áætlaðar leiðréttingar að upphæð 60

m.kr. vegna ársins 2023. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því 15.460 m.kr. á árinu 2025.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning framlaganna vegna ársins 2025:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2024.
- Upplýsingar um skólagæði.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við bráðabirgðatölur 1. júlí 2024.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga vegna tekna 2023 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2024.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2025 samtals að fjárhæð 15.460 m.kr.

FRAMLÖG VEGNA FATLAÐS FÓLKS

11. Innra eftirlit og rekstrarúttektir

Innra eftirlit

Garðabær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Garðabæ fyrir hönd sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkurborgar, dags. 3. júlí 2024, þar sem sótt er um framlag vegna fyrirhugaðrar frumkvæðisathugunar með framkvæmd þjónustu í málaflokki fatlaðs fólks.

Garðabær óskar eftir því, fyrir hönd framangreindra sveitarfélaga, að Jöfnunarsjóður veiti framlag til að mæta kostnaði við að ráða sérfræðing til að annast úttektina, að fjárhæð 15,0 m.kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli 1. tölul. 4. gr. rgl. nr. 192/2023.

Ráðgjafarnefndin samþykkt að veita sveitarfélögunum framlag að fjárhæð 15,0 m.kr. vegna ársins 2024 og að skilyrði fyrir greiðslu framlagsins yrði að sjóðnum yrði skilað skýrslu um framvindu verkefnisins og ávinning þess.

Akraneskaupsstaður

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Akraneskaupsstaði, dags. 15. júlí 2024, þar sem sótt er um framlag vegna fyrirhugaðrar frumkvæðisathugunar með framkvæmd þjónustu í málaflokki fatlaðs fólks.

Akraneskaupsstaður óskar eftir því að Jöfnunarsjóður veiti framlag til að mæta kostnaði við að ráða sérfræðing til að annast úttektina, að fjárhæð 2,5 m.kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli 1. tölul. 4. gr. rgl. nr. 192/2023.

Ráðgjafarnefndin samþykkt að veita sveitarfélaginu framlag að fjárhæð 2,5 m.kr. vegna ársins 2024 og að skilyrði fyrir greiðslu framlagsins yrði að sjóðnum yrði skilað skýrslu um framvindu verkefnisins og ávinning þess.

Bergrisinn bs.

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Bergrisanum bs., dags. 17. september 2024, þar sem sótt er um framlag vegna innra eftirlits með gæðum þjónustu í málaflokki fatlaðs fólks.

Bergrisinn bs. óskar eftir því að Jöfnunarsjóður veiti framlag til að mæta kostnaði að áætluðum heildarkostnaði verkefnisins að fjárhæð 11,5 m.kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli 5. gr. laga nr. 38/2018 samkvæmt samningi þar um, sbr. 7. gr. sömu laga.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að synja umsókn Bergrisans þar sem Jöfnunarsjóður hafi nýlega veitt framlag vegna innra eftirlits.

Rekstrarúttektir

Garðabær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Garðabæ, dags. 22. júlí 2024, þar sem sótt er um framlag vegna á grundvelli 1. tölul. 4. gr. rgl. nr. 192/2023 um framlög Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk.

Garðabær óskar eftir framlagi vegna kostnaðar við skýrslugerð ráðgjafarstofu HLH ehf. Kostnaður við skýrsluna var að fjárhæð 1.767.000 kr. m./vsk.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að synja umsókn Garðabæjar þar sem umsóknin var ekki talin uppfylla skilyrði 1. tölul. 4. gr. rgl. nr. 192/2023.

12. Stofnframlög

Félagsbústaðir

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað, dags. 17. september 2024, vegna umsóknar Félagsbústaða hf. um stofnframlag. Sótt er um vegna kaupa á íbúð á Hallgerðargötu 1A, 105 Reykjavík. Um er að ræða starfsmannaaðstöðu fyrir íbúðakjarna að Hallgerðargötu 1A. Stofnverð þessarar íbúða er 41.515.907 kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli e. liðar 2. greinar í reglugerð 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sótt er um 22% stofnframlag án hlutdeildar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Sé miðað við 22% stofnframlag væri framlag Fasteignasjóðs að fjárhæð 9.133.499 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að veita Félagsbústöðum hf. 22% framlag að fjárhæð 9.133.499 kr.

Brák

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað, dags. 18. september 2024, um stofnframlag vegna búsetuúrræðis á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að fresta afgreiðslu og starfsmanni falið að vinna málið milli funda.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 15:55.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir